

Feitari mjólk? Já, takk!

Nú á haustmánuðum er hvað þéttastur burður hjá kúnum og því gjarnan hærrí verðefni en á öðrum tímum árs. Eftir burð er þó hætt við að verðefnainnihald fari lækkandi, og því þarf að vera á varðbergi svo það lækki ekki um of. Eftirfarandi eru punktar til að viðhalda háu fituinnihaldi í mjólk.

Fituhlutfall undir 3,7%

Áhersla á vambarumhverfið:

Fá kýrnar frjálstan aðgang að gróffóðri?

- Athugaðu gróffóðurátið, minna en 8 kg þurrefnisát er lágt
- Endurskoðaðu fóðrunaraðferð og fjölda fóðrana

Er slæm gerjun í gróffóðrinu?

- Athugaðu gróffóðurátið
- Notaðu annað gróffóður eða blandaðu illa gerjuðu gróffóðri við skárna fóður

Er kjarnfóðurhlutdeild of há?

- Sé kjarnfóðurhlutfallið hærra en 55% (á þurrefnisgrundvelli) aukast líkurnar á slæmu vambarumhverfi til muna
- Endurskoðaðu kjarnfóðurskammtana

Er of lítið tréni (NDF) í gróffóðrinu?

- NDF-innihald í aðal-gróffóðrinu ætti ekki að vera lægra en 460 gr/kg þe.
- Í slíkum tilvikum er hægt að fóðra aukalega á grófara fóðri

Er gróffóðrið of smátt saxað?

- Æskilegt er að söxun gróffóðurs sé á bilinu 40 til 50 millimetrar
- Passaðu að strúktúr fóðursins skemmist ekki með of mikilli vinnslu (söxun í stæðum eða heilfóðurblandara)

Fá kýrnar of stóra skammta af kjarnfóðri í mál?

- Fjölgaðu kjarnfóðurskömmtum úr 4 í 6
- Í kjarnfóðurbásunum og mjaltapjónunum þarf að minnka hámarksskammt



Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2014-2015

3. tbl. 2014

Fituhlutfall milli 3,7% og 4,0%

Áhersla á vambarumhverfi og fitufóðrun:

Eru gróffóðurgæði næg?

- Fóðraðu með örlitlum skammti af bygg-köggjum ef sykurinnihald í gróffóðri er lægra en 50 gr/kg þe. eða ef mjólkursýruinnihald er meira en 100 gr/kg þe.
- Ef mögulegt; gefðu gróffóður með hærri meltanleika (lægra iNDF-innihaldi), en heildar NDF-innihald þarf að vera hærra en 480 gr/kg þe.
- Ef hlutfall smára og belgjurta í gróffóðri er hærra en 40-50% þarf að drýgja það með öðru gróffóðri

Er kjarnfóðurmagn ákjósanlegt allt mjaltaskeiðið?

- Sé kjarnfóðurgjöf meiri en 10-12 kg/dag er rétt að nota kjarnfóður með háu hlutfalli af sykkurófuhrati og torleystri sterkju til að koma í veg fyrir of hraða vambargerjun
- Séu kjarnfóðurskammtar stórir á miðju mjaltaskeið og og seinni hluta þess er rétt að minnka þá. Þó ber að skoða gróffóðurgæði og –át
- Athugaðu hvort rétt sé að skipta um kjarnfóðurtegund, það getur verið að vambarálag sé of mikið

Er of lítil fita í dagsskammti kúnna?

- Skiptu um kjarnfóður ef heildar fitumagn í dagsskammti er lægra en 4%, einnig er hægt að fóðra aukalega á vambarvarinni fitu

Jóna Þórunn Ragnarsdóttir
Ráðunautur í fóðrun
hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
jona@rml.is